

Snæfellingar. Minnisblað um skólamál

Dagsetning:	15. nóvember 2021
Verkkaupi:	Eyja- og Miklaholtshreppur og Snæfellsbær
Efni:	Drög að mbl. um skólamál. Til kynningar á íbúafundi.
Viðtakandi:	Samstarfsnefnd
Höfundur:	Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson, RR ráðgjöf

Aðdragandi

Á fundi samstarfsnefndar um mögulega sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar, þann 11. október sl., var meginumræðuefni fundarins skólamál í sveitarfélögunum tveimur. Gestir fundarins voru Sigurður Jónsson, skólastjóri Laugargerðisskóla, Rósa Erlendsdóttir, deildarstjóri Lýsudeildar og Hilmar Már Arason skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar. Á fundinum var áherslan aðallega lögð á Lýsudeildina og Laugargerðisskóla og hvaða breytingar möguleg sameining gæti haft á starfsemi þeirra. Framhald umræðunnar fór fram á fundi nefndarinnar þann 1. nóvember sl.

Eyja- og Miklaholtshreppur

Einn leik- og grunnskóli er í sveitarfélaginu en Laugargerðisskóli hefur aðstöðu fyrir bæði leik- og grunnskólaþjónustu. Skólinn hefur um árabil verið stærsti vinnustaðurinn í sveitarfélaginu og yfirstandandi skólaár stunda 11 grunnskólanemendur nám í skólanum í tveimur deildum.

- 1.-5. bekk eru 6 börn
- í 6.-10. bekk eru 5 börn.

Í fyrsta sinn síðan 2005 er enginn leikskólanemandi en aðstaða er fyrir börn á leikskólaaldri ef þörf er á þeirri þjónustu. Starfsmenn við skólann eru:

- Þrjú kennarar, allir í fullu starfi og allir með full kennsluréttindi
- Tveir stuðningsfulltrúar, í fullu starfi
- Matráður, í fullu starfi
- Ræstir, í hálfu starfi

Öll börn eru jafn lengi í skólanum en yngri börnin eru með fleiri tíma í stundaskrá heldur en aðalnámsskrá kveður á um. Frístundastarfið kemur inn í það og er leyst með starfsfólki skólans, nánar tiltekið sjá kennari og stuðningsfulltrúi um starfið.

Skólastarfið byggir mikið á tengslum og samstarfi við foreldra og samfélagið allt. Tveir skólabílar sinna skólaakstri, einn að austanverðu frá Borgarbyggð (þrjú börn koma þaðan) og annar vestan megin. Samningur er í gildi við Borgarbyggð þar sem börn í Kolbeinsstaðahreppi geta fengið þjónustu frá Laugargerðisskóla ef þau vilja.

Snæfellsbær sér um tónlistarkennslu í Laugargerðisskóla.

Snæfellsbær

Grunnskóli Snæfellsbæjar var stofnaður 1. ágúst 2004 við sameiningu Grunnskólans í Ólafsvík, Grunnskólans á Hellissandi og Lýsuhólsskóla. Starfsstöðvar skólans eru þrjár:

- Í Ólafsvík þar sem er aðstaða fyrir 1.- 5. bekk
- Á Hellissandi þar sem er aðstaða fyrir 1.- 4. bekk
- Lýsudeild þar sem er heildstæður grunnskóli og leikskóli með 17 grunnskólanemendum og 6 leikskólanemendum.

Stefnt er að svipuðu fyrirkomulagi varðandi frístundastarfið og er hjá Laugargerðisskóla, þ.e. að starfsfólk skólans sjái um frístund fyrir yngri börnin. Öll börn verði því jafn lengi í skólanum en yngri börnin eru með fleiri tíma í stundarskrá heldur en aðalnámskrá kveður á um og frístundastarfið kemur þar inn.

- Tveir leikskólar eru í sveitarfélaginu
 - o Krílakot í Ólafsvík (60-65 börn) og Kríuból á Hellissandi (45 börn) auk leikskólaselsins á Lýsudeildinni.

Að mati stjórnenda hefur núverandi fyrirkomulag gengið vel og gott starf unnið á Lýsudeildinni. Starfsfólkið er gott og jákvætt og hefur sterkt og gott bakland í foreldrum nemenda við skólann. Starfsfólkið nýtur mikillar vináttu samfélagsins. Lýsudeildin er með tvo skólabíla. Leiðin í vesturátt hefur styst en vonir standa til þess að fljótlega komi nemendur frá Hellnum eða Arnarstapa sem væri þá vestast (um 30 km frá). Tónlistarkennsla á vegum Tónlistarskóla Snæfellsbæjar er í boði á Lýsudeildinni.

Leikskólaselið á Lýsudeildinni hefur hingað til verið starfandi fjóra daga vikunnar en það hefur verið lokað á föstudögum. Breytingar eru yfirvofandi á leikskólastarfi en stefnt er að því að leikskólaselið verði starfandi fimm daga vikunnar.

Yfirlit yfir skólastarf

Grunnskóli	Nemendur	Stöðugildi	Þar af við kennslu	Starfsmenn alls
Laugargerði	11	6,5	3	7
Grunnskóli Snæfellsbæjar alls	210	54,2	30,6	64
Þar af Lýsudeild	17	6,2	3,8	9
Leikskóli	Nemendur	Stöðugildi	Þar af við kennslu	Starfsmenn alls
Laugargerði				
Ólafsvík	54	16,34	12,65	18
Hellissandur	30	10	7,97	11
Lýsudeild	6	1,6	1,6	2

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga

Bæði sveitarfélög njóta þjónustu félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Skólaþjónustan annast sérfræðiþjónustu við grunn- og leikskóla aðildarsveitarfélaganna á grundvelli gildandi laga og reglugerða. Aðalsstarfsstöð er á Hellissandi, en starfsfólk sinnir verkefnum í öllum skólum á starfssvæðinu. Á heimasíðu Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga segir:

„Meginþjónustubættir eru náms- og starfsráðgjöf, sálfræðiþjónusta, skimanir og grunngreiningar á þroska og líðan nemenda; greiningar, ráðgjöf og eftirfylgni talmeinafræðings; skólafélagsráðgjöf; umsjón og skipulagning árlegrar endurmenntunar skólastofnan; þátttaka í starfi nemendaverndarráða grunnskóla, ráðgjöf til skóla og foreldraráða skólastofnana. Starfsfólk skólaþjónustu FSS eru auk forstöðumanns, skólasálfræðingur, náms- og starfsráðgjafi, talmeinafræðingur, skólafélagsráðgjafi og ráðgjafarþroskaþjálfari.“

Í Grunnskóla Snæfellsbæjar og Laugargerðisskóla koma talmeinafræðingur, sálfræðingur og starfs- og námsráðgjafi sem „fastir“ sérfræðingar. Í Laugargerðisskóla kemur auk þess kennslufræðingur en sú þjónusta er leyst innanhúss hjá Grunnskóla Snæfellsbæjar.

Mikið samstarf er milli skólastjórnenda á Snæfellsnesi en skólastjórnendur Laugargerðisskóla hafa átt meira samstarf við skólastjórnendur í Borgarbyggð. Ástæðu þess má rekja til eldra samstarfs sveitaskóla í Borgarfirði. Gott samstarf er á milli Lýsudeildarinnar og Laugargerðisskóla en reynt er að safna nemendahópunum saman þrisvar til fjórum sinnum á ári í félagslegum tilgangi.

Framtíðarsýn til umræðu

Eitt megin markmið þess að sveitarfélögin hófu sameiningarviðræður var að efla samfélagið á sunnanverðu Nesinu þar sem fólk sækist í að búa. Helsta forsenda þess að það markmið gangi eftir er að hafa fullnægjandi þjónustu fyrir íbúa svæðisins og þá einna helst öflugt skólastarf. Erfitt er að halda uppi öfluggu skólastarfi í tveimur fámennum skólum á svæðinu, miðað við þær forsendur sem liggja fyrir í dag. Skólar í dreifbýli eiga undir högg að sækja á landinu öllu og hætta er á að núverandi fyrirkomulag gangi ekki upp til frambúðar. Komi til sameiningar sveitarfélaganna er áætlað að Laugargerðisskóli verði deild innan Grunnskóla Snæfellsbæjar en endurskoða þarf starfsstöðvar og skipulag skólans á sunnanverðu Nesinu enn frekar og þá hvort núverandi húsnæði á öðrum hvorum staðnum yrði nýtt eða hvort nýtt húsnæði yrði byggt miðsvæðis.

Mikilvægt er að nálgast mögulegar breytingar af auðmýkt og í nánú samráði við starfsfólk skólanna enda mikill mannauður í því góða starfsfólki sem starfar í skólunum. Að mati nefndarinnar þarf að hafa samráð við skólastjórnendur, foreldra og samfélagið allt á sunnanverðu Nesinu áður en endanleg ákvörðun eða útfærsla er ákveðin og gera má ráð fyrir því að skólaárið 2022-2023 verði nýtt til þeirrar vinnu.

Nýta þarf tækifærið til að byggja upp góðan dreifbýlisskóla, þó hann verði fámennur, nýta nútíma kennsluáferðir og tækni og setja fram skýra framtíðarsýn í skólamálum. Mikilvægt er að halda

Því til hags að ekki stendur til að fækka fólki. Öllum starfsmönnum verði boðið að starfa hjá sameinuðu sveitarfélagi, verði sameiningin samþykkt.

Stjórnendur lögðu áherslu á mikilvægi þess að hafa góða skólabíla til skólaaksturs, sem komast ferða sinna í nær öllum veðrum og vindum. Góðir skólabílar gera það að verkum að færri skóladagar falla niður vegna veðurs sem skiptir sköpum fyrir eflingu skólastarfs á svæðinu.